

Borgarráð

***Tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og vinnslu fjárhagsáætlunar 2018-2022***

Hjálögð er tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018 - 2022. Tíma- og verkáætlunin tekur mið af gildandi reglum Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar, dags. 1. des. 2015, viðauka 3: Vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar. Skv. reglunum verði fagsviðum, fagráðum og skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu falið að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar í samræmi við ábyrgð sína og skyldur. Auk þess er lögð fram tíma- og verkáætlun vegna aðkomu B-hluta fyrirtækja að undirbúningi og vinnslu samstæðuáætlunar.

Birgir Björn Sigurjónsson

Hjálagt:  
Tíma- og verkáætlun A-hluta  
Tíma- og verkáætlun B-hluta

**Tíma- og verkáætlun A-hluta**
**vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2018-2022**

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnslu	Afgreiðsla	Dagsetn.	
Undirbúningur fjárhagsáætlunar	<b>Tíma og verkáætlun</b> ársins lögð fram í borgarráði	FMS	Borgarráð	23.feb	Febrúar
	<b>Undirbúningur hefst:</b> Borgarráð felur sviðum og fagráðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar.	Borgarráð		23.feb	
	<b>Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS):</b> Sviðum og fagráðum falið að gera áætlun um greiningu allra helstu þjónustupáttanna sviðsins í tengslum við djúpgreiningu á sviðinu skv. áætlun Stýrihóps Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir.	Fagsvið		23.feb	
	<b>Skil á skapalónum:</b> FMS skilar formi fyrir greinargerð fagsviða og kostnaðarmat á skuldbindingum utan fjárheimilda og mat á helstu áhættum í rekstri.	FMS		mars	Mars
	<b>Fjárfestingaáætlun:</b> SEA hefur vinnu við fjárfestingaáætlun, sem felur í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar, greiningu á valkostum og mati á hagkvæmni þeirra. USK vinnur frumkostnaðaráætlun fyrir fjárfestingavalkosti og kemur að greiningum á valkostum og mati á hagkvæmni.	SEA		mars	
	<b>Vinnufundur fagráða:</b> Formenn fagráða og sviðsstjórar undirbúa og skipuleggja vinnufundi fagráða, þar sem farið er yfir forgangsröðun og áherslur fagráðs í rekstri og fjárfestingum.	Fagsvið		mars	
	<b>Rýning á rekstri sviða og skrifstofa:</b> Sviðsstjórar rýna skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum þar sem við á og meta helstu áhættur í rekstri sviðsins.	Fagsvið		mars	
	<b>Kynjuð fjárhagsáætlun:</b> Sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum áætlun sviðsins um rýningu þjónustupáttanna og stöðu greininga. Fagráð staðfestir greiningaráætlun sviðsins.	Fagsvið	Fagráð	mars	
◆	<b>Skil fagsviða á rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins:</b> Sviðsstjórar skila til FMS greinargerð og kostnaðarmat á skuldbindingum utan fjárheimilda, breytingum á magntölum þar sem við á og mat á helstu áhættum í rekstri sviðsins. <b>Skil á áætlun um greiningu þjónustupáttanna skv. aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar:</b> Sviðsstjórar skila áætlun um greiningu allra helstu þjónustupáttanna sviðsins í tengslum við djúpgreiningu á rekstri sviðsins skv. áætlun Stýrihóps Reykjavíkurborgar um hagræðingaraðgerðir. <b>Skil gjaldskráa:</b> Sviðsstjórar skila til FMS samantekt yfir allar gjaldskrár og sundurlíðun á tekjum skv. nánari fyrirætlun. <b>Lykiltölur og mælikvarðar:</b> Sviðsstjórar skila FMS lykiltölum og árangursmælikvörðum sviðsins vegna forgangsröðunar, reglubundins eftirlits og árangurmat.	Fagsvið		21.apr	◆
Undirbúningur rammaúthlutunar	<b>Þjóðhagsspá</b> Hagstofu Íslands gefin út. Fer til rýningar hjá FMS.	FMS		apríl	Apríl
	<b>Fjárfestingaáætlun:</b> Skrifstofa eignar og atvinnuþróunar skilar fyrstu drögum að fjárfestingaáætlun og valkostum til næstu fimm ára.	SEA		28.apr	
	<b>Launaáætlunir:</b> FMS undirbýr gögn í SAP launaáætlunarkerfi vegna vinnslu launaáætlunar fyrir næsta ár. Gerður er fyrirvari um tímasetningar vegna innleiðingar á nýju mannauðs- og launakerfi.	FMS		28.apr	
	<b>Fundur með fagsviðum:</b> yfirferð yfir skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum og mat á áhættum.	Yfirstjórn / FMS		28.apr	
	<b>Samráðsfundur</b> fjármálahóps, FMS og SEA með sviðsstjórum vegna undirbúnings að rammaúthlutun.	Yfirstjórn / FMS / SEA		2. - 5. maí	Maí
	<b>Undirbúningur rammaúthlutunar.</b> Samantekt gagna og mat á útgjaldaþoli A-hluta.	FMS		maí	
	<b>Forsendur fjárhagsáætlunar</b> lagðar fram í borgarráði.	FMS		1.jún	
◆	<b>Úthlutun fjárheimilda:</b> borgarráð úthlutar fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að útfæra fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsendum þeirra. <b>Gjaldskrár:</b> lagðar línur um meðhöndlun innri og ytri gjaldskráa vegna vinnslu fjárhagsáætlunar	Borgarráð	Borgarráð	1.jún	◆
◆	<b>Höfðafundur:</b> Borgarstjóri boðar til Höfðafundar um markmið og leiðir í fjármálum borgarinnar vegna fjárhagsáætlunar 2016 og fimm ára áætlunar 2016-2020	Yfirstjórn / FMS		júní	Júní

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnsla	Afgreiðsla	Dagsetn.	
Vinnsla fjárhagsáætlunar og greinargerðar	Vinnufundur fagráða	Fagsvið		júní	Júní
	Afgreiðsla fagráða: Fagrád afgreiða tillögu að áherslum og forgangsröðun í málaflokknum til næstu fimm ára.	Fagsvið	Fagrád	júní	
	Vinnsla fjárhagsáætlunar í samræmi við forsendur rammaúthlutunar.	Fagsvið		júní- sept.	Júní - sept.
	Vinnsla launaáætlunar og annarra gagna vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar.	Fagsvið		júní- sept.	
	Vinnsla og frágangur fjárfestingaáætlunar í samræmi við forsendur rammaúthlutunar.	SEA		júní- sept.	
	Vinnsla greinargerðar. Útfærsla og framsetning greinargerðar og starfsáætlunar.	Fagsvið		júní- sept.	September
	Drög að fjárhagsáætlun kynnt fagráðum. Sviðsstjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum og greinargerð fyrir fagráðum. Fagrád staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslum og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokknum.	Fagsvið	Fagrád	10. sept*	
◆	Skil fagsviða á lokadrögum að fjárhagsáætlun og greinargerð Skil fjárfestingaáætlunar og greinargerðar	Fagsvið SEA		20. sept*	◆
Frágangur og kynningar	Samantekt skilagagna. FMS tekur saman áætlun næsta árs og fimm ára áætlun sviða og skrifstofa og skilar samantekt til borgarstjóra.	FMS		10. okt.	Október
	Samantekt á frumvarpi að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.	FMS		20. okt.	
	Fjárhagslegt mat og sviðsmyndir: FMS leggur fjárhagslegt mat á útgjöld m.v. samantekin drög sviða að fjárhagsáætlun og mismunandi forsendur um gjaldskrár og ytri forsendur (sviðsmyndagreining).	FMS		20. okt.	
	Kynningar: Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgarráði.	Fagsvið		2. - 3. nóv.	Nóv.
◆	Frumvarp að fjárhagsáætlun lagt fram í borgarráði: Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun.	Borgarstjóri / borgarráð	Borgarráð	2. - 3. nóv.	◆
Umræður og afgreiðsla	Fyrri umræða: Frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun lagt fram í borgarstjórn.	Borgarstjórn		7. nóv.	Nóv.
	Breytingar milli umræðna: Breytingatillögur lagðar fyrir borgarráð.	Borgarráð	Borgarráð	30. nóv.*	
	Síðari umræða: Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.	Borgarstjórn	Borgarstjórn	5. des.	Des.

\* Miðað er við að dagsetning sé "eigi síðar en" hér.

**Tíma- og verkáætlun B-hluta  
 vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2018-2022**

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnslu	Afgreiðsla	Dagsetn.	
	<b>Tíma og verkáætlun</b> ársins lögð fram í borgarráði	FMS	Borgarráð	23.feb	Feb.
	<b>Þjóðhagsspá</b> Hagstofu Íslands gefin út. Fer til rýningar hjá FMS	FMS		apríl	Apríl
◆	<b>Skil B-hluta á drögum að fjárhagsáætlun vegna undirbúnings rammaúthlutunar í A-hluta:</b> Bygðasamlög og fyrirtæki á framlögum sveitarfélaga skila fyrstu drögum að fjárhagsáætlun og mati á útgjaldabreytingum á milli ára	<b>B-hluti</b>		<b>5.maí</b>	◆
Undirbúningur fjárhagsáætlunar	<b>Forsendur fjárhagsáætlunar:</b> lagðar fram í borgarráði	FMS		1.jún	Maí
	<b>Samráðsfundur FMS og B-hluta fyrirtækja.</b> Forsendur fjárhagsáætlunar kynntar, mat á stöðu ytri áhrifaþátta, tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar yfirfarin. Breytingar á skilalíkönum og vinnslu.	FMS		júní	Júní
◆	<b>Vinnsla fjárhags- og starfsáætlunar í samræmi við forsendur</b>	<b>B-hluti</b>		<b>júní-sept.</b>	◆
Vinnsla fjárhags- og starfsáætlunar	<b>Skilalíkon:</b> Undirbúningur og skil á líkönum fyrir fjárhagsáætlanir B-hluta fyrirtækja	FMS		15.ágú	Ágúst
	<b>Samráðsfundur FMS og B-hluta fyrirtækja.</b>	FMS		10. sept.*	September
	<b>Fjárhagsáætlun kynnt og afgreidd í stjórnnum:</b> Framkvæmdastjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun og greinargerð fyrir stjórnun.	B-hluti	Stjórnir fyrirtækja	20.sept.*	
◆	<b>Skilafrestur B-hluta fyrirtækja á fjárhagsáætlun á föstu verðlagi ásamt starfsáætlun</b>	<b>B-hluti</b>		<b>20.sept.*</b>	◆
◆	<b>Skilafrestur B-hluta fyrirtækja á fjárhagsáætlun á breytilegu verðlagi</b>	<b>B-hluti</b>		<b>20.sept.*</b>	◆
Frágangur og kynningar	<b>Samantekt skilagagna:</b> FMS tekur saman áætlun næsta árs og fimm ára áætlun B-hluta fyrirtækja og skilar samantekt til borgarstjóra	FMS		10.okt	Október
	<b>Samantekt á frumvarpi</b> að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar	FMS		20. okt.	
	<b>Fjárhagslegt mat og sviðsmyndir:</b> FMS leggur fjárhagslegt mat á útgjöld m.v. samantekin drög sviða að fjárhagsáætlun og mismunandi forsendur um gjaldskrár og ytri forsendur (sviðsmyndagreining)	FMS		20. okt.	
	<b>Kynningar:</b> Formenn stjórna og framkvæmdastjórar B - hluta fyrirtækja kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára í borgarráði	B-hluti		2. - 3. nóv.	Nóv.
◆	<b>Frumvarp að fjárhagsáætlun lagt fram í borgarráði:</b> Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun.	<b>Borgarstjóri / borgarráð</b>		<b>2. - 3. nóv.</b>	◆
Umráður og afgreiðsla	<b>Fyrri umræða:</b> Frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun lagt fram í borgarstjórn	Borgarstjórn		7. nóv.	Nóv.
	<b>Breytingar milli umræðna:</b> Breytingatillögur lagðar fyrir borgarráð	Borgarráð	Borgarráð	30. nóv.*	
	<b>Síðari umræða:</b> Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun	Borgarstjórn	Borgarstjórn		5. des.

\* Miðað er við að dagsetning sé "eigi síðar en" hér.